

FHU Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2354
komudagur 18.5.2010

Reykjavík, 17. maí 2010

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál


Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til tölvubréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 6. maí 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál.

Almenn umsögn

Á undanförunum árum hefur það komið fyrir æ ofan í æ að umhverfisráðuneytið hafi farið langt fram yfir lögboðna úrskurðarfresti t.d. í kærumálum vegna starfsleyfa útgefnum af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Nokkur nýleg dæmi eru um að ár hafi liðið frá kæru þar til úrskurður berst. Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er mikilvægt að grípa til annarra aðgerða en lengingar úrskurðarfrestar til að bæta úr þessu ástandi. Nausynlegt er að fara yfir málsmeðferð ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar í þessum málum, sérstaklega þarf að athuga hvort gengið sé lengra í gagnaöflun á kærustigi en ástæða er til. Einnig þyrfti að skýra og bæta ákvæði laganna en slíkar úrbætur gætu dregið úr fjölda kæra. Þá þarf að tryggja að umhverfisráðuneytið hafi næga starfsmenn til að tryggja að unnt sé að sinna verkefnum innan lögbundins tímafrests.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa tekur undir umsögn Sambands íslenskar sveitarfélaga og telur frekar ástæðu til þess að leita leiða til þess að draga úr réttaróvissu við framkvæmd umhverfismats og setja skýrari reglur um málsmeðferð, heldur en að fara þá leið að lengja úrskurðarfrest ráðuneytisins, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður